

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 61/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/97 frá 12. nóvember 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/544/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift vegna endabúnaðar sem tengja á almennum rásaskiptum gagnanetum og ONP-leigurásam með X.21-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/545/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna gagnaendabúnaðar (DTE) sem tengja á pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) sem bjóða upp á X.25-skilfleti samkvæmt CCITT-tilmælum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/545/EB fellir úr gildi frá 10. júlí 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB, um sameiginlega tæknilega reglugerð um aðgang að pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) með X.25-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum, sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 134, 7.5.1998, bls. 9 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7.5.1998, bls. 71.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 223, 13.8.1997, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 223, 13.8.1997, bls. 21.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4o (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/630/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4p. **397 D 0544:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/544/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift vegna endabúnaðar sem tengja á almennum rásaskiptum gagnanetum og ONP-leigurásam með X.21-skilflötum samkvæmt CCITT-tilmælum (Stjtið. EB L 223, 13.8.1997, bls. 18).
- 4q. **397 D 0545:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/545/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift um almennar tengikröfur vegna gagnaendabúnaðar (DTE) sem tengja á pakkaskiptum almennum gagnanetum (PSPDN) sem bjóða upp á X.25-skilfleti samkvæmt CCITT-tilmælum (Stjtið. EB L 223, 13.8.1997, bls. 21).”

2. gr.

Texti liðar 4m í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/71/EB) falli niður með gildistöku frá 10. júlí 1998.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/544/EB og 97/545/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Rítarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner